



1582. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
15.4.2015, kl. 11:30

1. Fundargerð 1581. fundar

Samþykkt með fyrirvara um ítarlegri upplýsingum um lið 2 verði bætt inn.

2. Íþrótttaþing

Umræður um tillögurnar sem teknar verða upp á komandi íþrótttaþingi ÍSÍ. Almennt rætt um að vanti starfsreglur fyrir ferli tillagna sem ÍBR leggur fyrir þingið. Samstaða um að meginreglan sé að taka tillögurnar fyrir á ÍBR þingi en annars þá hjá stjórn ÍBR. Mikilvægt að taka tillit til tímamarka á skilum tillagna fyrir íþrótttaþing þegar tímasetning ÍBR þings er ákveðin hverju sinni.

3. Ársreikningar félaga

Lagt fram erindi þar sem borgarfulltrúi óskar eftir ársskýrslum aðildarfélaga og nánari greiningu. Vísað til formanns og framkvæmdastjóra.

4. Sport TV

Umræður, jákvætt tekið í málið. Verður unnið áfram.

5. Heiðursveitingar

Samþykkt að veita Guðjóni Guðmundssyni m.a. fyrrum formanni KR og stjórnarmanni ÍBR heiðurskross ÍBR í tengslum við aðalfund KR 28. apríl n.k. Rætt um hvort ÍBR ætti að taka upp almennari viðurkenningar fyrir sjálfboðaliða eða hvort þær viðurkenningar sem félögin veita sjálf sínum sjálfboðaliðum eru fullnægjandi. Niðurstaðan að svo sé.

6. Önnur mál

- Sjóðir ÍBR, til að stytta biðina samþykkt að næstu tímamörk fyrir umsóknir verði að þessu sinni 20. maí.

Fleira ekki rætt, fundi slitið um kl. 13:15.

Gígja Gunnarsdóttir, ritari